Áskorun

Reykjavík 11 maí 2020

Hér með þessu bréfi skora ég á ykkur Sigurð Þór Jónsson og James Kennedy til að hafa frumkvæði að því að niðurstaða í vísindagrein eftir ykkur sem ber heitið "*Do biomass indices from Icelandic groundfish surveys reflect changes in the population of female lumpfish (Cyclopterus lumpus)?"* verði leiðrétt.
Niðurstaðan sem um ræðir er sú er varðar nýtingu, en þar tölduð þið ykkur hafa forsendur til að finna niðurstöðu um nýtingu á grásleppu með upplýsingum úr gömlum afladagbókum sem í var skráður afli grásleppubáta á árunum 1990 til 2010. Sú niðurstaða ykkar um að til þurfi 425 kg af óslægðri grásleppu til að fylla eina tunnu (105kg) af uppsöltuðum hrognum er röng og það er á mjög auðveldan hátt hægt að sanna það og nefni ég hér þrennt því stuðnings.

Í fyrsta lagi þá er það niðurstaða allra framleiðenda á Íslandi að til þurfi að meðaltali 535 kg af óslægðri grásleppu til að skila einni tunnu af söltuðum hrognum og því munar 26 prósentum á niðurstöðum ykkar og því sem eru nýtingartölur frá framleiðendum.

Í öðru lagi þá er þessi 26 prósenta munur sá sami og munar á útfluttum afla árana 1992-2007 samkvæmt útflutningstölum Hagstofu sem fengnar eru úr útflutningsskýrslum útflytjenda og þeirri niðurstöðu sem er uppreiknað aflamagn af óslægðri grásleppu úr tunnufjölda sömu ára í tækniskýrslu sem fylgir með ráðgjöf Hafró. Og það er þrátt fyrir að aflatölur viðmiðunaráranna í tækniskýrslunni virðast ekki hafa verið leiðréttar samkvæmt niðurstöðu ykkar (9% lækkun).

Í þriðja lagi er hægt að ganga úr skugga um nýtinguna í eitt skipti fyrir öll með því að einfaldlega verka 10 tonn af grásleppu sem landað væri á fjórum stöðum á landinu. Verkunar aðilinn gæti verið Mast, Matís eða að önnur hvor eða báðar stofnanir hefðu eftirlitsmenn yfir verkun sem framkvæmd væri samkvæmt verklýsingu sem t.d Mast gaf út fyrir um 30 árum, með sömu tæki og áhöld og þá voru notuð. Þetta ætti ekki að taka nema tvo hálfa vinnudaga því að það er látið síga af hrognunum yfir nótt áður en þau eru söltuð.

Þeir hagsmunir sem eru í húfi skipta hundruðum milljóna og þetta verður að leiðrétta. Eins og þið vitið er vísað í niðurstöður ykkar er varðar 12 prósent lækkun á ráðgjöf Hafró á grásleppu í ár. Ábyrgð ykkar er mikil og það er ekki með þetta atriði eins og svo margar niðurstöður vísindamanna, að hægt sé að þvæla þetta út frá mismunandi

forsendum. Það er framkvæmd athugun á þessu í raunheimum og niðurstöðunum verður ekki hægt að hnekkja.

Að lokum óska ég eftir að þið upplýsið mig um nöfn þeirra aðila sem ritrýndu vísindagrein ykkar auk þess sem ég óska eftir afriti af þeim gögnum sem unnin voru upp úr afladagbókunum og lögð voru til grundvallar útreikningum ykkar.

Virðingarfyllst.
Axel Helgason
axelhelgason@gmail.com